

Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 101. og 109. tbl. Lögbirtingablaðs 1984 og 3. tbl. þess 1985 á hluta í Laugavegi 116-118, þingl. eign Þóris Gunnarssonar, fer fram eftir kröfu Búnaðarbanka Íslands, Steingríms Eiríkssonar hdl. og Gjaldheimtunnar í Reykjavík á eigninni sjálfri mánudaginn 25. febrúar 1985 kl. 14.30.

Borgarfógetaembættið í Reykjavík.

Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 101. og 109. tbl. Lögbirtingablaðs 1984 og 3. tbl. þess 1985 á Skúlagötu 28, þingl. eign Kexverksm. Frón hf., fer fram eftir kröfu lönþróunarsjóðs og Gjaldheimtunnar í Reykjavík á eigninni sjálfri mánudaginn 25. febrúar 1985 kl. 10.30.

Borgarfógetaembættið í Reykjavík.

Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 105. tbl. Lögbirtingablaðs 1984 og 10. og 13. tbl. þess 1985 á hluta í Sörlaskjólí 76, þingl. eign Benónýs Bergmann, fer fram eftir kröfu Ævars Guðmundssonar hdl. á eigninni sjálfri mánudaginn 25. febrúar 1985 kl. 10.45.

Borgarfógetaembættið í Reykjavík.

Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 101. og 109. tbl. Lögbirtingablaðs 1984 og 3. tbl. þess 1985 á hluta í Öldugrandá 3, tal. eign Olgeirs Erlendssonar, fer fram eftir kröfu Brynjólfs Kjartanssonar hrl. á eigninni sjálfri mánudaginn 25. febrúar 1985 kl. 11.15.

Borgarfógetaembættið í Reykjavík.

Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 101. og 109. tbl. Lögbirtingablaðs 1984 og 3. tbl. þess 1985 á hluta í Sölvallagötu 27, þingl. eign Björns Jónssonar o.fl., fer fram eftir kröfu Skúla J. Pálmasonar hrl., Gjaldheimtunnar í Reykjavík, Jóns Finnssonar hrl., Tryggingastofnunar ríkisins, Steingríms Eiríkssonar hdl. og Baldurs Guðlaugssonar hrl. á eigninni sjálfri mánudaginn 25. febrúar 1985 kl. 11.30.

Borgarfógetaembættið í Reykjavík.

Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 101. og 109. tbl. Lögbirtingablaðs 1984 og 3. tbl. þess 1985 á hluta í Bjargarstíg 5, þingl. eign Jóhanns B. Guðnasonar, fer fram eftir kröfu Ásgeirs Thoroddsen hdl. á eigninni sjálfri mánudaginn 25. febrúar 1985 kl. 13.45.

Borgarfógetaembættið í Reykjavík.

Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 101. og 109. tbl. Lögbirtingablaðs 1984 og 3. tbl. þess 1985 á hluta í Bergstaðastræti 45, þingl. eign Guðrúnar Sigurvaldadóttur, fer fram eftir kröfu Guðjóns A. Jónssonar hdl., Gjaldheimtunnar í Reykjavík og Ólafs Guðafssonar hdl. á eigninni sjálfri mánudaginn 25. febrúar 1985 kl. 13.30.

Borgarfógetaembættið í Reykjavík.

Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 102. tbl. Lögbirtingablaðs 1984 og 2. og 8. tbl. þess 1985 á hluta í Bergstaðastræti 13, þingl. eign Vilhjálms H. Vilhjálmssonar, fer fram eftir kröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík á eigninni sjálfri mánudaginn 25. febrúar 1985 kl. 16.15.

Borgarfógetaembættið í Reykjavík.

Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 101. og 109. tbl. Lögbirtingablaðs 1984 og 3. tbl. þess 1985 á hluta í Urðarstíg 14, þingl. eign Jóhanns G. Ásgeirssonar, fer fram eftir kröfu Ólafs Thoroddsen hdl. og Gjaldheimtunnar í Reykjavík á eigninni sjálfri mánudaginn 25. febrúar 1985 kl. 15.45.

Borgarfógetaembættið í Reykjavík.

Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 101. og 109. tbl. Lögbirtingablaðs 1984 og 3. tbl. þess 1985 á hluta í Veghúsastíg 9, þingl. eign Freyju Jónsdóttur, fer fram eftir kröfu Ásgeirs Thoroddsen hdl., Gjaldheimtunnar í Reykjavík og Útvegsbanka Íslands á eigninni sjálfri mánudaginn 25. febrúar 1985 kl. 16.00.

Borgarfógetaembættið í Reykjavík.

Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 101. og 109. tbl. Lögbirtingablaðs 1984 og 3. tbl. þess 1985 á hluta í Laugavegi 133, þingl. eign Birgis Jóhannssonar, fer fram eftir kröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík á eigninni sjálfri mánudaginn 25. febrúar 1985 kl. 14.45.

Borgarfógetaembættið í Reykjavík.

Menning

Menning

Menning



„Litirnir skipta mestu máli,“ segir Rut Rebekka. En það er nauðsynlegt að leggja leið sína að Kjarvalsstöðum til að sjá þá. DV-mynd Bj. Bj.

Litirnir skipta mestu máli

— rætt við Rut Rebekku Sigurjónsdóttur málara

Á morgun opnar Rut Rebekka Sigurjónsdóttir sýningu á verkum sínum í aðalsal Kjarvalsstaða. Hefur hún hálfan salinn til umræða á móti stöllu sinni, Kristjönu Guðmundsdóttur. Rut Rebekka hóf nám í Myndlistaskóla Reykjavíkur fyrir áratug og hélt síðan áfram námi í Myndlista- og handíðaskólanum.

Litaspil

Sýning Rutar er litrík. Bjartir litir eru ráðandi og myndefnið líflegt. Meirihluti myndanna eru málverk en nokkrar grafíkmyndir fljóta með. Flestar eru þær í ætt við landslagsmyndir. Er það þangað sem þú sækir myndefnið?

„Já, ég sækir myndefnið í náttúruna en stílísera það eftir eigin geðþótta til að ná fram litaspili. Ég fer frjálsglega með en oft koma fyrir himinn og jörð. Áhrifin eru bæði innlend og erlend. Ég

geri ráð fyrir að finna meg einhver áhrif frá þeim stöðum sem ég þekki.

Ég lít svo á að hugmyndir okkar spretti af því sem við upplifum. Ég reyni að túlka það sem ég hef séð, heyrt og lært, án þess að þörf sé á að skilgreina það nánar. Myndirnar eru svolítið expressionískar. Þær hafa þróast svona út frá þeim tilraunum sem ég hef verið að gera. Ég er annars lítið gefin fyrir að skilgreina sjálf það sem ég er að gera.

Gamaldags konur en þó klassískar

En hér eru nokkrar myndir annarrar ættar. Hvernig eru þær til komnar? „Já, ég sýni nokkur portret af konum, bæði máluð og grafísk. Hugmyndina sækir ég í hattaginur sem sýna gamaldags konur en þó klassískar. Þetta er hugmynd sem hefur verið að þróast allengi. Ég geri ráð fyrir að það


hafi áhrif að ég er sjálf kona og kvennamál hafa verið í brennidepli undanfarið.

Hvenær byrjaðir þú að fást við málverk?

„Ég byrjaði að mála sem unglingur. Við getum sagt að áhugi á málverki af einhverju tagi liggi í ættinni. Faðir minn, Sigurjón Guðbergsson málarameistari, hafði tilfinningu fyrir myndlist.

Þegar unglingsárin voru að baki hætti ég alveg að mála um tíma. Ég byrjaði á ný árið 1974 að leita mér til-sagnar og hef málað að staðaldri síðan.

Ég sýndi fyrst á samsýningu þegar Gerðuberg var opnað vorið 1983 og átti myndir á haustsýningu F.Í.M. sama ár. Í fyrra var mér úthlutað norrænni gisti-vinnustofu í Viborg í Danmörku. Að loknum þeim tíma sýndi ég þar úti. Nokkrar af myndunum sem hér eru voru málaðar úti í Viborg.” GK.



Páll Guðmundsson hallar sér að kirkjusmiðnum á Húsafelli. DV-mynd Bj. Bj.

LESID Í GRJÓT

Páll Guðmundsson segir frá höggmyndum sem hann sýnir á Kjarvalsstöðum um helgina

Höggmyndasýningar eru ekki daglegur viðburður hér í borg. Það er orðið fátítt að listamenn höggvi myndir sínar í stein. Ungur listamaður, Páll Guðmundsson frá Húsafelli, hefur þó ráðist á grjótið með verkfærum sínum og mótað í myndir. Hann opnar sýningu á verkum sínum á Kjarvalsstöðum á morgun. Á sýningunni eru 23 myndir, allar að undanskilinni einni höggnar í rautt og blátt grjót úr Bæjargilinu á Húsafelli. Grjótið úr Bæjargilinu er talið einstakt og það eru myndir Páls líka. Páll var spurður hvenær hann hefði farið að nýta þessa námu.

„Það er stutt síðan ég fór að sækja

grjót í gilið,“ sagði Páll. „Reyndar er langt síðan farið var að sækja þangað efni í legsteina. Í kirkjugarðinum á Húsafelli má sjá mjög gamla steina úr þessu grjóti. Einnig eru þar steinar sem höggvar voru á síðustu öld. Á þessari öld notaði t.d. Mgnús Á. Arnason þetta rauða grjót í myndir sínar.”

Hvert sækir þú myndefnið?

„Ég bygg á því sem ég sé í kringum mig. Það má segja að efnið sé í fleiri en einum skilningi úr bæjargilinu. Myndirnar eru margar það sem ég les út úr steininum. Steinninn mótar þannig hugmyndina að nokkru en myndinni

ráðum við báðir. Til skamms tíma málaði ég mikið en ég held að það sé hollt að losa sig frá því um tíma.”

Nú eru sumar myndanna nokkuð stórar. Hvar vinnur þú við að höggva þær?

„Stóru myndirnar hegg ég úti. Margar af minni myndunum hef ég unnið í aðstöðu sem Hallsteinn Sveinsson, bróðir Ásmundar, hefur á elliheimilinu í Borgarnesi. Þetta grjót er mjög meðfærilegt. Það er mjúkt og seigt og brotnar því ekki. Þá er það kostur við það að það kostar ekkert.”

GK.